



FUNDARGERÐ-DRÖG

VINNUFUNDUR Í VATNASVÆÐISNEFND Á VATNASVÆÐI 4, SUÐURNESJUM

Dags.fundar 16.05.12	13:00 – 16:00	Staður Reykjanesbær, hjá heilbrigðiseftirliti Suðurnesja	Nr. fundar 3
Fundarstjóri: Jóhanna Björk Weisshappel (JBW)		Fundarritari: Heiðrún Guðmundsdóttir	
Fundarmenn: Birgir Haraldsson, Sandgerðisbær og Garður, Ingvar Gunnlaugsson, Grindavíkurbær, Þorvaldur Örn Árnason, sveitarfélagið Vogar, Magnús H. Guðjónsson, HES, Rikharður Fr. Friðriksson, Jóhanna Björk Weisshappel, UST, Heiðrún Guðmundsdóttir, UST.			
Afrit sent til: allra fundarmanna			
Markmið fundar: Vinna við álagsgreiningu á vatn.			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
1	<p>Kynning á verkefninu stjórn vatnamála og vatnasvæðanefndum: Jóhanna Björk Weisshappel</p> <p>JBW fór yfir stutta kynningu um stjórn vatnamála til upprifjunar fyrir þá fulltrúa sem ekki gátu mætt á kynningarfundinn í Reykjavík 31. Janúar. Sagði m.a. frá kynningafundum og vinnufundum og frá nýjum vef, vatn.is.</p> <p>HES benti á að reglugerð vantar um mengun jarðvegs. HES hefur notað reglugerð. um varnir gegn mengun grunnvatns vegna jarðvegsmengunar, þar sem jarðvegsmengun kemur að lokum í grunnvatnið. Vandræðum veldur, vegna eldri mengunarstaða, að hafa ekki reglugerð um jarðvegsmengun. Sigvatn frá urðunarstöðum er fjallað um í úrgangsreglugerðinni. Mjög lítið yfirborðsvatn á landi á Reykjanesi, mikið grunnvatn. Megin verkefni vatnasvæðisnefnda árið 2012 er að aðstoða UST við álagsgreiningu á vatn vegna athafna mannsins. JBW dreifði gátlista til leiðbeiningar um hvað er álag mengunar á vatn, dreifð losun og bein losun. JBW mun senda glærur í t-pósti til fulltrúanna. Farið var yfir álagsgreiningartöfluna (Excel skjal) um losunargögn frá fiskvinnslum og fleiri fyrirtækjum á Reykjanesi. Greint er á milli losunar frá matvælaframleiðslu og íbúunum. Ein persónueining er skólplosun frá hverjum íbúa á ári. Losun frá fyrirtækjum er reiknuð/áætluð með ákveðnum aðferðum. Farið yfir hvað telst vera significant losun. Sum svínabú losa beint í sjó þ.e. blauthlutann (mælt í rúmmetrum). Athuga þarf með formúlu til að reikna þessa losun í persónueiningum (0,85 tonn er ein persónueining). Upplýsingar frá fulltrúum um að Njarðvíkurhöfn sé orðin hrein, hægt að baða sig þar. Þar er nú eins þreps hreinsun. Keflavíkurhöfn er menguð, þar er sjósund bannað. Upplýsingar um aðra losun frá fulltrúum, viðbætur og breytingar gerðar á upplýsingar í töflunni. Upplýsingar fengust um vöktun HES á saurkóligerlum á ákveðnum svæðum (tafla með niðurstöðum mælinga afhent UST á fundinum). Niðurstaðan er sú að saukóligerlamengun yfir mörkum er í strandsjó við tvo þéttbýliskjarna á Suðurnesjum (Keflavík og Sandgerði). Fá þar íbúafjölda í Njarðvík og Ásbrú en þar er frárennsli hreinsað eins þreps hreinsun. Leifsstöð og nærliggjandi fyrirtæki losa í rotþró. IGS Icelandair Ground Service er með fitugildru á sinni fráveitu. Lögn frá Keflavíkurflugvelli fer út í sjó við Stafnes.</p> <p>Bláalónið: Fráveitan frá því fer í rotþró án siturlagnar, en afrennslið úr rotþrónni fer niður í sprungu undir henni. Möguleiki á að afrennslið endi í grunnvatni. Ekki vandamál í sjálfum sér. HS orka er vandamál vegna afrennismála sem fargað er á yfirborði vatnsins. Skoða þarf betur jarðvarmavirkjanirnar, HES er með eftirlit með þeim. Affallsvökvi frá</p>	JBW

	<p>jarðvarmavirkjuninni fer í lög sem endar í fjöru og þar eru greinilegar útfellingar á steinum og í fjöru. Þessi sjónrænu áhrif áttu ekki að verða skv. matsskýrslu.</p> <p>Svarstengi: Nú er affalsvökva dælt niður í jörð. Menn vilja ekki fá áhrif frá jarðvarmavirkunum í neysluvatnið (stutt er í neysluvatnssvæðið/brunnsvæðið).</p> <p>Affalsvökvinn þéttir yfirborð jarðveg og því stækkað Bláa lónið sífellt. Leysa þarf þetta vandamál og verður sett inn í aðgerðaáætlun UST. Er í skipulagsferli að jarðvarmavökvanum verði veitt um lög til sjávar eða í djúpa sprungu. Arsen mengun vandamál hér. HS orka vaktar affallsvatnið með borholum. Grunnvatnsrennslið er til sjávar hjá fjallinu Þorbirni. Reykjanesvirkjun, fiskvinnslur losa frárennsli í grunnvatn. Skoða aftur upplýsingarnar frá Fiskistofu og bera saman við upplýsingarnar hjá heilbrigðiseftirlitinu.</p> <p>Einnig komu fram upplýsingar um svínabú og alifuglabú. JBW bætti þeim inn í töfluna. Spúlvatn ýmist losað í rotþró eða beint út í sjó, óhreinsað.</p> <p>Kjúklingabúið Nesbú Vatnsleysuströnd: Frárennsli fer í „slurry bag“ (skítapoka) og síðan notað í moltu og áburð, uppgræðslu og jarðvegsgerð (ekki fargað því þess að áburðarverð er hátt).</p> <p>Skoða þarf betur losun svínabúanna í sjó og reikna út persónueiningar frá þeim. Fer í skilvindu, þurrefni notað til landgræðslu og blauthlutinn fargað í sjó.</p> <p>Heiðrún mun senda Ríkharði hjá HES upplýsingar um sótthreinsiefni sem notuð eru í hrognaframleiðslu. Fá þær upplýsingar hjá Gísla og HG um fiskeldiseftirliti hjá Stofnfiski í Ölfusi.</p>		
2	Næsti fundur: Í september ef þörf verður á.	JBW	